

20
19. maí

L Ö G

um

löggilding verzlunarstaða.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Á Eyrum við Seyðisfjörð (Hánefsstaðaeysrum og Þórarinsstaðaeysrum)
og í Gunnólfsvík við Finnaþfjörð, hvorttveggja í Norður-Múlasýslu, skulu vera
löggiltir verzlunarstaðir.

2. gr.

Takmörk verzlunarlóðarinnar á Hánefsstaðaeysrum skulu vera Sörla-
staðaa að vestan og Gullsteinseyri að austan, 300 metrar á land upp frá
flóðmáli.

3. gr.

Löggilding verzlunarstaðarins í Gunnólfsvík kemur til framkvæmda
þegar atvinnumálaráðuneytið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar, sam-
kvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild Stjórnartíðindanna.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. maí 1930.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.